



# TVEIR ÞRIÐJU AF ÞVÍ SEM HEIMURINN EYÐIR Í KAFFI

Því hefur verið haldið fram að fyrir hvert framfaraskref í þágu jafnréttis, fari jafnréttisbaráttunni aftur um tvö skref á öðrum vettvangi. Eftir atburði ársins 2023 má fullyrða að þetta eigi ekki aðeins við um jafnréttisbaráttuna, heldur einnig um stöðu friðar og alþjóðsamvinnu, sem hafa átt undir högg að sækja. Ekki sér fyrir endann á stríðinu í Úkraínu, í Súdan hafa 11 milljónir neyðst til að flýja átökin sem hófust í apríl 2023, fordæmalaust ástand hefur skapast í mannúðarmálum á Gaza í kjölfar innrásar Ísraels hers og átök standa enn yfir í Jemen, svo fátt eitt sé nefnt.

Vegið hefur verið að trúverðugleika alþjóðastofnana og félagasamtaka með markvissum og vel skipulögðum áróðri, nokkuð sem ógnar alþjóðasamvinnu og stöðu lýðræðis í heiminum. UN Women og aðrar stofnanir Sameinuðu þjóðanna hafa þannig verið gerðar að blóraböggjum og að skotmarki afla sem virðast hafa það eitt að markmiði að draga úr mannréttindum ákveðinna hópa fólks. Samhliða hafa hernaðarútgjöld heimsins haldið áfram að aukast ár frá ári og námu alls 2,3 milljörðum Bandaríkjadala árið 2022.

Aukin átök ógna ekki aðeins lífi og heilsu fólks, eyðileggingin og mengunin sem þeim fylgir hafa

gríðarlega skaðleg umhverfisáhrif. Þá hafa vopnuð átök afdrifaríkar afleiðingar á stöðu jafnréttis í heiminum. Þegar átök geisa eru konur berskjaldaðri gagnvart hvers kyns ofbeldi, þar með talið mansali og nauðgunum, stúlkur

heldur en þegar slík félagsamtök eru útilokuð frá samtalinu.

Sima Bahous, framkvæmdastýra UN Women, hefur sagt að það muni kosta um 360 milljarða Bandaríkjadala á ári að útrýma kynjamskrétti. Það er um

1/5 af þeirri upphæð sem Bandaríkin eyða í hernaðarútgjöld á hverju ári – og minna en 2/3 þeirrar upphæðar sem heimurinn eyðir í kaffi á ári hverju. Sé tekið mið af þessum upphæðum er jafnrétti ekki fjarlægur draumur heldur raunverulegt markmið sem hægt er að ná – sé vilji til þess að eyða minna í stríðrekstur, með tilheyrandi



©Dominic Chavez World Bank

eru líklegri til að detta úr námi og verða þvingaðar í hjónaband, tíðni mæðra- og ungbarnadauða eykst og konur eru líklegri en karlar til að búa við skort og sárafátækt á áttatímum. Talið er að meira en 600 milljónir kvenna og stúlkna búi í ríkjum þar sem virk átök geisa. Þrátt fyrir þetta eru konur og kvenrekin félagasamtök enn að miklu leyti útilokuð frá friðarviðræðum og -samningum. Þó hafa rannsóknir sýnt að þeir friðarsamningar þar sem konur hafa einhverja aðkomu séu líklegri til að skila árangri. Rannsóknir hafa einnig sýnt að fáir kvenrekin grasrótarsamtök aðkomu að friðarviðræðum, eru mun hærri líkur á að samkomulag náist,

mannfalli, áföllum og mengun, og meira í verkefni sem stuðla að friði, jafnrétti og valdeflingu kvenna og stúlkna um allan heim. Öll ríki ættu að sjá hag sinn í að útrýma kynjaójöfnuði, enda hefur aukinn jöfnuður í för með sér aukinn hagvöxt.

Í margar aldir hafa konur og kvár barist af hugrekki fyrir tilverurétti sínum og nú höfum við sem hér stöndum í dag tekið við keflinu. Það er komið að okkur að berjast fyrir friði og jöfnuði af jafn miklu hugrekki og krafti og þau sem ruddu veginn gerðu. UN Women á Íslandi þakkar fyrir stuðninginn árið 2023, án hans væri allt starf okkar ómögulegt.



UN Women á Íslandi  
Sigtún 42 - 105 Reykjavík  
Sími 552 6200  
[www.unwomen.is](http://www.unwomen.is)

Útgefandi: UN Women á Íslandi  
Forsíðumynd: UN Women  
Myndir: Anna Maggý og myndir úr safni UN Women.  
Uppsetning: Litróf – umhverfissvottuð prentsmiðja

- 3 *Ávarp utanríkisráðherra*
- 4 *Ávarp formanns*
- 5 *Fjáröflun*
- 7 *Vitundarvakning*
- 10 *Kynningarstarf og fræðsla*
- 12 *Önnur verkefni*
- 13 *Fyrirtækjasmstarf*
- 14 *Fjármál*
- 16 *Stuðningur og samstarf utanríkisráðuneytisins og UN Women á Íslandi*
- 17 *Overview*
- 20 *Við erum UN Women á Íslandi*



## ÁVARP UTANRÍKISRÁÐHERRA

Víða um heim gætir nú aukinnar andstöðu og bakslags í réttindabaráttu kvenna. Öflum sem standa gegn opnum og lýðræðislegum samfélögum hefur vaxið fiskur um hrygg og reynt er með skipulögðum hætti að grafa undan og stöðva framgang jafnréttis og fjölbreytileika.

Á sama tíma glímir heimsbyggðin við vaxandi áskoranir vegna átaka og náttúruhamfara sem koma jafnan verst niður á konum og stúlkum. Um 600 milljónir kvenna og stúlkna búa nú á átakasvæðum, helmingi fleiri en fyrir fimm árum, og áætlað er að yfir 60 milljónir kvenna og stúlkna verði á flóttu og án ríkisfangs í lok þessa árs. Í slíkum aðstæðum standa konur og stúlkur enn frekar frammi fyrir skorti á margs konar réttindum til dæmis er varða aðgengi að grunnmenntun, heilbrigðis- og félagsþjónustu, auk þess að eiga á hættu að verða fyrir kynferðisofbeldi eða mansali.

Baráttan fyrir jafnrétti kynjanna og valdeflingu kvenna hefur lengi verið forgangsmál íslenskra stjórnvalda, jafnt heima fyrir sem og alþjóðlega. Sú ákvörðun að færa málaflokk jafnréttismála til forsætisráðherra fyrir sjö árum hefur vakið alþjóðlega athygli og endurspeglar áherslu stjórnvalda.

Á alþjóðavettvangi hefur utanríkisþjónustan stött og stöðugt beitt sér fyrir kynjajafnréttismálum, hvort sem er á vettvangi alþjóðastofnana eða í tvíhliða samskiptum við önnur ríki. Þannig tók utanríkisráðuneytið til dæmis þátt í undirbúningi miðannarfundar Kynslóðar jafnréttis, stærsta alþjóðlega átaksverkefnis á sviði kynjajafnréttismála á vegum UN Women, sem þáverandi forsætisráðherra Íslands og forseti Tansaníu opnuðu.

Í nýrri stefnu um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands, sem Alþingi samþykkti einróma í desember, er lögð enn ríkari áhersla á mannréttindi, kynjajafnrétti og valdeflingu kvenna

en áður. Er það bæði í ljósi þess alvarlega bakslags sem ríkir víðast hvar og þeirrar staðreyndar að mannréttindi og jafnrétti kynjanna eru forsendur þess að hægt sé að útrýma fátækt, bæta lífsskilyrði samfélaga og stuðla að varanlegum friði þar sem óstöðugleiki ríkir.

Stefnan staðfestir jafnframt að UN Women er áfram ein af fjórum áherslustofnunum Íslands í þróunarsamvinnu. Á síðasta ári undirritaði ég samning um áframhaldandi samstarf fyrir tímabilið 2024-2026 þar sem kjarnaframlög til stofnunarinnar voru hækkuð umtalsvert. Ísland er nú næst stærsta framlagsríki stofnunarinnar sé miðað við höfðatölu. Íslensk stjórnvöld munu halda áfram að styðja við ýmis verkefni stofnunarinnar, þar á meðal í Afganistan og í Jórdaníu auk átaksverkefna á borð við Kynslóð Jafnréttis og HeForShe.

Við Íslendingar getum verið ákaflega stolt af kraftmiklu starfi Landsnefndar UN Women á Íslandi í þágu jafnréttis og valdeflingar kvenna um allan heim. Það var því ánægjulegt að undirrita nýjan rammasamning við landsnefndina fyrir tímabilið 2023-2025 á síðasta ári en hann tryggir enn öflugri upplýsingagjöf, kynningu og fræðslu til almennings og fjáröflun í baráttunni fyrir jafnrétti og valdeflingu kvenna í fátækari löndum heims.

Ég óska Landsnefnd UN Women á Íslandi alls hins besta og hlakka til áframhaldandi góðs samstarfs.

*Pórdís Kolbrún Reykjavörð Gylfadóttir,  
utanríkisráðherra*



## ÁVARP FORMANNS

Heimurinn er að bregðast konum. Þetta var niðurstaða framvinduskýrslu um stöðu heimsmarkmiðanna, metin út frá stöðu kynjajafnréttis, sem UN Women og UNDESA birtu í september 2023. Í skýrslunni var varað við því að haldi núverandi þróun áfram munu fleiri en 340 milljónir kvenna og stúlkna, eða um 8 prósent kvenna í heiminum, búa við sárafátækt árið 2030; Ein af hverjum fjórum konum mun upplifa nokkurt eða alvarlegt fæðuóöryggi; 360 milljónir kvenna og stúlkna búa við takmarkað aðgengi að hreinu neysluvatni; 620 milljónir kvenna og stúlkna búa á átakasvæðum.

Árið 2023 sáum við hvernig konur og stúlkur í Afganistan héldu áfram að missa grundvallarmannréttindi sín. Við urðum vitni að því þegar hörmuleg átök brutust út á Gaza og Súdan og höfum fylgst með áframhaldandi átökum í Úkraínu, Jemen, Mjanmar, Haítí, Kongó og víðar. Árið 2023 var því á margan hátt átakanlegt og erfitt. En árið bar einnig með sér von og baráttuhug. Þannig var UN Women á Íslandi eitt af þeim félögum sem sátu í framkvæmdastjórn Kvennaverkfallsins 2023. Ákall Kvennaverkfallsins var að kynbundnu ofbeldi og misrétti yrði útrýmt á Íslandi og um 100.000 konur, karlar og kvár flyktust niður að Arnarhóli til að taka þátt í samstöðufundi og krefjast þess að kynbundnu ofbeldi verði útrýmt, að vanmat á „kvennastörfum“ verði leiðrétt, að kynbundnum launamismun verði útrýmt og að menntun kvenna af erlendum uppruna verði metin að verðleikum. Þrátt fyrir grafalvarlegar ástæður að baki verkfallsins, var andrúmsloftið litað samstöðu, gleði og baráttuanda þeirra kvenna og kvára sem viðburðinn sóttu. Í apríl 2023 fluttu UN Women á Íslandi skrifstofur sínar frá Laugavegi 76 og komu sér fyrir í Mannréttindahúsinu við Sigtún 42. Var þetta liður í að lækka rekstrartekjur landsnefndarinnar. Á sama tíma var Miðstöð Sameinuðu þjóðanna á Íslandi lögð niður, en UN Women á Íslandi, Unicef á Íslandi og Félag Sameinuðu þjóðanna á Íslandi höfðu rekið Miðstöðina saman um árabíl.

UN Women á Íslandi hélt áfram að safna fjármagni til neyðarverkefna UN Women á árinu 2023, m.a. var fjármunum safnað til stuðnings konum og stúlkum í Tyrklandi og Sýrlandi, í Súdan og á Gaza. Í upphafi árs reið gríðarlegur

jarðskjálfti yfir suður Tyrkland og norðurhluta Sýrlands sem olli gríðarlegum skemmdum á mannvirkjum og kostaði tugþúsunda mannlífa. Með fjárstuðningi frá Íslandi gat UN Women meðal annars tryggt að neyðarskýli fyrir fólk sem misst hafði heimili sín tækju mið af þörfum kvenna og stúlkna og dreift sæmdarsettum til kvenna á hamfarasvæðunum. Í apríl brutust út hörð átök í höfuðborg Súdan, Khartoum, og breiddust þau fljótt út til annarra borga og héraða. Meira en 8 milljónir eru á flóttu vegna átakanna og um 24 milljónir eru í brýnni þörf fyrir neyðaraðstoð. Talið er að um 4 milljónir barna og barnshafandi konur séu hættulega vannærð vegna átakanna. Þá hefur hin fordæmalausa mannúðarkrísa sem skapast hefur á Gaza haft gríðarlega neikvæð áhrif á líf barna og kvenna á svæðinu. UN Women hefur lýst stríðinu á Gaza sem stríði gegn konum og stúlkum, en talið er að um 63 konur séu drepnar á Gaza daglega. UN Women hefur ítrekað kallað eftir því að öllum gíslum verði sleppt úr haldi og hefur fordæmt allt ofbeldi gegn konum og stúlkum, enda er kynbundið ofbeldi á átakatímum skilgreint sem stríðsglæpur sem nauðsynlegt er að sækja til saka.

Verkefnin hafa því verið ærin og það mun því miður ekki breytast á nýju ári. Áframhaldandi stuðningur við UN Women er því gríðarlega mikilvægur, ekki aðeins fjárhagslegur stuðningur, heldur einnig stuðningur við málstaðinn. Við þurfum að vera meðvituð um stöðu jafnréttis í heiminum, halda röddum kvenna og annarra jaðarsettra hópa á lofti og veita bakslaginu öflugna mótspyrnu.

UN Women á Íslandi þakkar íslenskum almenningi, fyrir-tækjum og stjórnvöldum kærlega fyrir þann stuðning og traust sem samtökunum hefur verið sýnt hingað til.

Að lokum þakka ég bakhjörllum okkar, starfsfólki samtakanna og stjórn fyrir stuðninginn og fyrir að blása okkur byr í brjóst þegar verkefnin virðast okkur um of. Saman erum við sterkari, saman stýrum við straumnum og með samtakamættinum verður sá straumur brátt að stóru fljóti í þágu jafnréttis.

*Anna Steinsen,  
formaður stjórnar UN Women á Íslandi*



Neyðargögn merkt UN Women og Rauða hálfmánanum bíða við landamærin að Gaza. Mynd/UN Women

## FJÁRÖFLUN


### Ljósberar

Mánaðarlegir styrktaraðilar UN Women á Íslandi, Ljósberar, eru stærsta og jafnframt mikilvægasta tekjulind samtakanna. Framlög þeirra gera UN Women á Íslandi kleift að halda áfram að valdefla konur og stúlkur um allan heim í gegnum verkefni UN Women.

Rúmlega 86% af framlagi landsnefndarinnar til UN Women safnaðist í gegnum styrki frá Ljósberum og áttunda árið í röð sendi íslenska landsnefndin hæstu kjarnaframlög allra landsnefnda UN Women, óháð höfðatölu. Landsnefndir UN Women eru 12 talsins og starfa víðs vegar um heim. Kjarnaframlög tryggja fjárhagslegan grunn verkefna sem stuðla að valdeflingu kvenna, útrýmingu kynbundins ofbeldis, þátttöku kvenna í stjórnámálum, stuðla að friði og öryggi og útvega kvenmiðaða neyðaraðstoð þar sem neyðin er mest.


Á árinu 2023 nýskráðu 932 aðilar sig sem Ljósbera og var kynjahlutfallið mjög jafnt. Á árinu voru alls 788 afskráningar og því er aukning um 144 Ljósbera eftir árið. Heildarframlög Ljósbera lækka þó örlítið á milli ára, úr 197.711.120 kr árið 2022 í 194.232.815 kr árið 2023. Lækkun á framlögum þrátt fyrir aukningu Ljósbera skýrist aðallega af því að stærsti hluti nýskráninga kom inn á síðasta ársfjórðungi en afskráningar eru jafnt og þétt yfir allt árið.

Framlög Ljósbera



Mynd 1: Þróun á heildarframlagi mánaðarlegra styrktaraðila UN Women á Íslandi frá 2012-2023

Framlög Ljósbera á núvirði



Mynd 2: Þróun á heildarframlagi mánaðarlegra styrktaraðila UN Women á Íslandi núvirt frá 2012-2023 (miðað við verðlagsreiknivél Hagstofunnar 31.12.2023)

## Skipting framlaga


Heildartekjur UN Women á Íslandi voru 280.502.209 kr árið 2023, samanborið við 295.651.462 kr árið 2022. 69.24% af heildartekjum komu frá Ljósberum, 7.68% út frá vörusölu og 6.95% styrkir frá stjórnvöldum. Auk þess má nefna verkefnastyrk frá UN Women höfuðstöðvum að upphæð 24.926.084 kr sem fór alfarið í fjáröflunarkostnað við götukynningar og símaver við öflun nýrra mánaðarlegra styrktaraðila. Ítarlegri sundurliðun á skiptingu framlaga má sjá á mynd 3.

## Eyrnamerkta safnanir

Þrjár eyrnamerkta safnanir áttu sér stað á árinu. 3.279.905 kr söfnuðust samtals til Tyrklands/Sýrlands, Súdan og Palestínu. Talsvert lægri upphæð en safnaðist úr neyðarherferðum fyrir Úkraínu árið 2022 eða 26.190.403 kr. Samstarf við 66° Norður árið 2023 sem fól í sér bolasölu til styrktar UN Women í Úkraínu gaf af sér 4.413.085 kr. Stakir styrkir komu frá 673 mismunandi aðilum árið 2023 samanborið við 2.619 aðilum árið 2022. Langstærsti hluti stakra styrkja kemur vegna eyrnamerkta safnana. Töluvert minni auglýsingakostnaður var lagður í eyrnamerkta safnanir þetta árið samanborið við 2022.

## Götukynningar og úthringingar

Götukynningar voru í gangi frá júní til desember, bæði hlutastarfsfólk á vegum UN Women á Íslandi og TAKK tók svo við götukynningum í lok september. Alls komu 230 nýir Ljósberar frá hlutastarfsfólki landsnefndarinnar og 525 nýir Ljósberar frá TAKK. Meðalframlag var 2.101 kr úr nýskráningum allra götukynna. Í úthringiveri störfuðu þrjár starfskonur allt árið eina til tvær vaktir í viku en 177 nýir Ljósberar komu í gegnum síma-verið. Meðalframlag var 1.593 kr úr síma-veri. 330 núverandi Ljósberar hækkuðu framlög sín eftir hækkanasímtöl en meðalhækkun var 1.059 kr. Auk þess bættust við 65 nýir styrktaraðilar sem greiða félagsgjöld eða rekstrarstyrk til UN Women á Íslandi árlega. Félagsgjöldin eru almennt hærri en mánaðarleg framlög, en ný framlög félaga voru að meðaltali 5.579 kr.



- Ljósberar (mánaðarleg framlög) 69.24%
- Ríkisstyrkir 6.95%
- Styrkir & samstörf við fyrirtæki 2.89%
- FO herferð vörusala 3.11%
- Önnur vörusala 4.57%
- Stakir styrkir 1.22%
- Eyrnamerkta neyðarstyrkir 2.74%
- Fjárfesting frá UN Women 8.89%
- Félagsgjöld greidd árlega 0.38%

Mynd 3: Skipting á heildartekjum UN Women á Íslandi árið 2023.



## FO derhúfan 2023

FO herferðin í ár gekk vel, níunda árið í röð. Þetta árið var varningurinn svört derhúfa með FO merkinu og var herferðin í gangi í júní til ágúst. Styrktaraðili herferðarinnar í ár var Utanríkisráðuneytið. Heildartekjur af derhúfusölu voru 8.732.000 kr og rann hver einasta króna til verkefna UN Women í Síerra Leóne.



## Táknrænar gjafir og annar söluvarningur

Alls seldist varningur og táknrænar gjafir fyrir 12.827.871 kr árið 2023 fyrir utan FO herferðina. Táknrænar gjafir voru þó aðeins 7.7% af allri vörusölu ársins og því ljóst að mun stærri hluti kaupir frekar ápreiðanlegan varning. Allar táknrænar gjafir voru uppfærðar í nóvember en úkraínska listakonan Dana Kavelina teiknaði allar myndirnar sem prýða þær. Einnig voru ný tækifæriskort útbúin sem Margrét Weissappel hannaði. Í kringum Ljósagönguna voru einnig framleidd falleg ilmkerfi sem á stendur „Ljós í lífi kvenna“. Í nóvember og desember voru allir mömmu- og neyðarpakkar eyrnamerkta til stuðnings kvenna og stúlkna á Gaza. Alls söfnuðust 628.740 kr í gegnum það. Í vefverslun UN Women á Íslandi hefur sjaldan verið jafn gott úrval af vörum til styrktar verkefnum UN Women um allan heim.





Kona gengur í gegnum rústir á Gaza. Mynd/UN Women

## VITUNDARVAKNING

Hlutverk og starf UN Women á Íslandi gengur að mjög miklu leyti út á fræðslu til almennings, fyrirtækja og stofnana; fræðslu um verkefni UN Women á heimsvísu og um stöðu jafnréttis í heiminum. Þetta gerir UN Women á Íslandi m. a. með því að standa fyrir fyrirlesturum, viðburðum, kynningum, samstörfum og ýmsum herferðum. Árið 2023 var engin undantekning og stóð UN Women á Íslandi að fjölda herferða og verkefna, þar með talið neyðarsöfnunum í kjölfar jarðskjálftanna í Tyrklandi og Sýrlandi og fyrir Súdan og Gaza. Þá var farið í hina árlegu FO-herferð gegn kynbundnu ofbeldi og staðið að viðburði með aktívistanum og leikkonunni Ashley Judd.

### Neyðarsafnanir

Neyðarsöfnun var hrundið af stað í upphafi árs í þágu kvenna og stúlkna á hamfarasvæðunum í Tyrklandi og Sýrlandi. Fjármunirnir gerðu UN Women á Íslandi kleift að styðja við neyðarverkefni UN Women í Tyrklandi og Sýrlandi í kjölfar jarðskjálftanna þann 6. febrúar. Meðal annars gerði það UN Women í Tyrklandi mögulegt að koma á fót öruggum rýmum fyrir konur og stúlkur (e. *Safe spaces*), tryggja aðgengi þeirra að neyðaraðstoð og mæta grunnþörfum kvenna með því að sjá þeim fyrir tíðarvörum, nærfatnaði og bleium fyrir ungbörn. Þá var UN Women í Tyrklandi í samstarfi við sautján kvennasamtök við að greina þarfir kvenna á hamfarasvæðunum, þá einkum og sér kvenna í viðkvæmri stöðu, þar með talið kvenna á flóttu. Tyrkland er það land í heiminum sem hýsir hvað flest fólk á flóttu frá Sýrlandi, eða um 3,5 milljónir. Þá er frátalið fólk á flóttu frá öðrum ríkjum

heims sem einnig dvelur í landinu. UN Women, í samstarfi við þessi sautján félagasamtök, voru mikilvægur hlekkur í því að hanna tímabundnar húsapyrpingar fyrir þau sem misstu heimili sín í skjálftunum, en um 2 milljónir voru heimilislausar í löndunum tveimur í kjölfar skjálftanna og 26 milljónir þurftu á neyðaraðstoð að halda.

Neyðarsöfnun til stuðnings konum og stúlkum í Súdan var einnig hleypt af stokkum árið 2023. Hörd átök brutust út í landinu þann 15. apríl sem hrakið hafa tugþúsundir á flóttu, ýtt milljónum að barmi hungursneyðar og orðið til þess að um 15,8 milljónir, eða um þriðjungur íbúa landsins, eru í brýnni þörf fyrir neyðaraðstoð. Talið er að um 4 milljónir barnshafandi og mjólkandi kvenna sem og börn séu nú hættulega vannærð vegna átakanna. Fjöldi fregna eru um að stríðandi fylkingar beiti nauðgunum með markvissum hætti gegn konum og stúlkum í Súdan og óttast UN Women að slíkum fregnum fari fjölgandi eftir því sem átökin dragast á langinn.

Neyðarsöfnun til styrktar verkefnum UN Women í Palestínu var einnig komið af stað á árinu. UN Women hefur

starfað í landinu frá árinu 1989 og er með starfsemi bæði á Gaza og á Vesturbakkanum. UN Women hefur í samstarfi við aðrar stofnanir Sameinuðu þjóðanna og mannúðarsamtök starfandi á svæðunum veitt konum sæmdarsett og matar- og fjárhagsaðstoð. Þá hefur UN Women stutt við kvenrekin félagasamtök um alla Palestínu. Ástandið á Gaza er þó fordæmalaust og hefur reynst mannúðarstofnunum erfitt að veita íbúum fullnægjandi aðstoð vegna takmarkana að hálfu Ísraels.



UN Women í Tyrklandi dreifði sæmdarsettum til kvenna og stúlkna á hamfarasvæðunum. UN Women/Nilüfer Baş

## 8. mars – Alþjóðlegur baráttudagur kvenna og Ring the bell

Alþjóðlegur baráttudagur kvenna fer fram 8. mars ár hvert. UN Women á Íslandi tók þátt í Ring the bell í sjötta sinn í samstarfi við Nasdaq Iceland (Kauphöllina), Félag kvenna í atvinnulífinu (FKA) og Samtök atvinnulífsins (tengiliður UN Global Compact). Ring the Bell er alþjóðlegt átak og er ætlað að hvetja kauphallir um allan heim til að bæta jafnrétti kynjanna á sínum mörkuðum því enn hallar töluvert á hlut kvenna þegar kemur að stjórnunarstöðum þeirra fyrirtækja sem skráð eru í kauphöllum um allan heim.

### FO 2023 til styrkar Síerra Leóne

Hinni árlegu FO-herferð UN Women á Íslandi var hrundið af stað þann 1. júní 2023. FO-varningurinn þetta ár var svört derhúfa með dökkgráu FO-merki. FO-herferðin var til stuðnings verkefnum UN Women í Síerra Leóne sem hafa það að markmiði að uppræta kynbundið ofbeldi og styðja við þolendur. Herferðin var studd af utanríkisráðuneytinu.

UN Women á Íslandi hefur selt FO varning frá árinu 2015 og er herferðin fyrir löngu orðin flaggskip íslensku landsnefndarinnar. Frá árinu 2015 hafa samtals safnast yfir 100 milljónir til verkefna UN Women um allan heim sem hafa það að markmiði að uppræta kynbundið ofbeldi. FO derhúfan var úr 100% pólíesterblöndu og framleidd samkvæmt BSCI og Sedex stöðlum. Snið húfunnar var „unisex“ og auðvelt var að aðlaga mál húfunnar með frönskum rennilás að aftan. Hún kostaði 5.900 krónur og fór ágóðinn beint til verkefna UN Women í Síerra Leóne. Anna Maggý tók allt myndefni herferðarinnar í ár og var þetta í fjórða sinn sem hún vann með UN Women á Íslandi að FO-herferð landsnefndarinnar. Fjöldi þekktra einstaklinga sátu fyrir í herferðinni og þakkar UN Women á Íslandi þeim kærlega fyrir ómetanlegan stuðning.

### Kvennaverkfallið

UN Women á Íslandi var hluti af framkvæmdanefnd Kvennaverkfallsins 2023 og tók þátt í undirbúningi og skipulagi viðburðarins. Þá stóðu UN Women á Íslandi og ÖBÍ fyrir viðburði í Mannréttindahúsinu við Sigtún 42 í tilefni dagsins.

Kvennaverkfallið fór fram þann 24. október 2023 og voru konur og kvár hvött til að leggja niður launuð sem ólaunuð störf allan daginn eins og konur gerðu fyrst á kvennaári Sameinuðu þjóðanna árið 1975. Það var sögulegur viðburður á alheimsvísu og Kvennaverkfallið 2023 varð það einnig. Um 100.000 konur, kvár og karlar komu saman á Arnarhóli og enn fleiri sóttu skipulagða viðburði um allt land.

Slagorð kvennaverkfallsins var **Kallarðu þetta jafnrétti?** og voru kröfur verkfallsins meðal annars leiðrétting á vanmati kvennastarfa, að kynbundnu ofbeldi verði útrýmt, að menntun og hæfni erlendra kvenna verði metið að verðleikum og að karlar axli ábyrgð á ólaunuðum umönnunarstörfum til jafns við konur og kvár.



Ashley Judd átti í samtali við Hönnu Birnu Kristjánsdóttur og Elizu Reid um #MeToo

### Ashley Judd í Háskóla Íslands

Heimsráð kvenleiðtoga (Council of Women World Leaders), Heimsping kvenleiðtoga (Reykjavik Global Forum), og UN Women á Íslandi stóðu saman að viðburðinum Samtal um kynbundið ofbeldi og áhrif #MeToo þar sem Hanna Birna Kristjánsdóttir stjórnarformaður Heimspingsins, Eliza Reid forsetafrú og Ashley Judd leikkona ræddu kynbundið ofbeldi og áhrif #MeToo-byltingarinnar. Ashley Judd var ein af þeim konum sem hratt af stað #MeToo-byltingunni innan Hollywood.

Viðburðurinn fór fram í Hátíðasal Háskóla Íslands þann 13. nóvember. Laura Liswood, framkvæmdastýra Heimsráðs kvenleiðtoga setti viðburðinn og Stella Samúelsdóttir, framkvæmdastýra UN Women á Íslandi, flutti lokaorð hans.

### Ljósaganga UN Women á Íslandi

Árleg Ljósaganga UN Women á Íslandi fór fram laugar-daginn 25. nóvember, á Alþjóðlegum baráttudegi Sameinuðu þjóðanna gegn kynbundnu ofbeldi. Dagurinn markar jafnframt upphaf 16 daga átaks gegn kynbundnu ofbeldi sem UN Women á Íslandi er í forsvari fyrir ásamt Mannréttindaskrifstofu Íslands og fjölda annarra félagasamtaka.

Yfirskrift Ljósagöngunnar var **Engar afsakanir! Fjárfestum í baráttunni gegn kynbundnu ofbeldi!** og leiddi Finnborg Salome Steinþórsdóttir hjá Femínískum fjármálum gönguna ásamt Stellu Samúelsdóttur, framkvæmdastýru UN Women á Íslandi. Sem fyrr var Harpan lýst upp í appelsínugulum lit í tilefni dagsins, en appelsínuguli liturinn táknar framtíð án ofbeldis og er litur alþjóðlegs baráttudags gegn kynbundnu ofbeldi.



16 daga átakið gegn kynbundnu ofbeldi er alþjóðlegt átak sem hefst 25. nóvember (á Alþjóðlegum baráttudegi gegn kynbundnu ofbeldi) hvert ár og lýkur 10. desember, á Alþjóðlega mannréttindadeginum. Í ár voru 75 ár liðin frá því að Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna var samþykkt, en kynbundið ofbeldi er einmitt talið eitt víðtækasta mannréttindabrot heims.

### Jólaherferðin og Gaza

Jólaherferð UN Women á Íslandi árið 2023 hófst í lok nóvember. Tvær táknrænar jólagjafir voru eyrnamerkar verkefnum UN Women á Gaza. Einnig voru seld ilmkerti og nýtt upplag af FO-vettlingum pantað. Samhliða jólaherferðinni var haldið áfram að upplýsa mánaðarlega styrktaraðila og almenning um stöðu kvenna og stúlkna á Gaza og verkefni UN Women á Gaza og Vesturbakkanum.



*Finnborg Salome Steinþórsdóttir hjá Femínískum fjármálum leiddi árlega Ljósagöngu UN Women á Íslandi. Mynd/Grace Barbörudóttir.*

## FO STUDDI VIÐ MIKILVÆG VERKEFNI Í SÍERRA LEÓNE

FO-herferð UN Women á Íslandi árið 2023 var til stuðnings verkefnum UN Women í Síerra Leóne sem hafa það að markmiði að uppræta kynbundið ofbeldi og styðja við þolendur. Alls sófnuðust 10.496.100 krónur með sölu FO-derhúfunnar sem hafa meðal annars runnið í vitundarvakningarverkefni og þjónustu til þolenda.

Í Síerra Leóne hafa 61% kvenna á aldrinum 15-49 ára verið beittar líkamlegu ofbeldi einhvern tímann á ævinni. Þessi tala er hærrí meðal yngri kvenna – 67% stúlkna á aldrinum 15 til 29 ára hafa verið beittar líkamlegu ofbeldi. Giftar konur og stúlkur eru líklegastar til að vera beittar ofbeldi (65%), en ógiftar konur verða síður fyrir líkamlegu eða kynferðislegu ofbeldi (51%). Heimilið er því hættulegasti staðurinn fyrir konur og stúlkur í Síerra Leóne.

Fjármunir FO-herferðarinnar gerðu UN Women í Síerra Leóne meðal annars kleift að efla „Real Man“-herferðina sem hefur það markmið að auka þátttöku karlmannna í baráttunni gegn kynbundnu ofbeldi. Það er gert með fræðslu, stuðningi stjórnmálafólks og með því að berjast gegn refsileysi gerenda.

### Samstarf við höfðingja og forsetafrú landsins

Önnur verkefni sem fjármagnið frá FO-herferðinni hefur stutt við eru samstörf við kvenrekin félagasamtök sem vinna að bættri heilsu kvenna, m.a. með því að skima fyrir krabbameini í afskekktum héruðum Síerra Leóne. Þetta er unnið í samstarfi við höfðingja á svæðinu sem aðstoða félagasamtök við að ná til kvenna á þeirra yfirráðasvæðum. Konurnar fá einnig fræðslu um forvarnir gegn HIV og lífrabólgu og um einkenni krabbameins.

Þá hefur UN Women í Síerra Leóne verið í samstarfi við forsetafrú landsins í verkefnum sem snúa að baráttunni gegn kynbundnu ofbeldi. Með fjármagninu frá FO-herferðinni var



*Antírásistarnir voru á meðal þeirra sem sátu fyrir í FO-herferðarefni UN Women á Íslandi. Mynd/Anna Maggý*

hægt að veita 300 konum jafnmargar „verkfærakistur“ sem styðja við fjárhagslega valdeflingu þolenda sem reyna að endurbyggja líf sitt eftir ofbeldissamband.

UN Women á Íslandi þakkar öllum þeim sem studdu við FO-herferðina 2023.



Verslunareigandi í Dakar í Úganda fyrir utan verslun sína. Mynd/UN Women

## KYNNINGARSTARF OG FRÆÐSLA

Kynningarvið UN Women á Íslandi sinnir kynningarstarfi til almennings, fyrirtækja, stofnana og skóla auk framkvæmdastýru og hinu öflugra ungmennaráði samtakanna. Undanfarin ár hefur færst í aukana að starfsfólk UN Women á Íslandi haldi ýmsar kynningar um starfsemi UN Women á heimsvísu og um stöðu jafnréttis í heiminum. Síðustu ár hefur einnig verið lögð aukin áhersla á fréttáflutning og upplýsingagjöf í gegnum vefsíðu og samfélagsmiðla UN Women á Íslandi. UN Women á Íslandi sinnir einnig umsagnaskrifum vegna frumvarpa og þingsályktana sem stjórnvöld hyggjast leggja fram og var engin undantekning þar á árið 2023.

### Fréttáflutningur á vefsíðu og til fjölmiðla

Alls voru skrifaðar og þýddar 78 greinar um starf UN Women á Íslandi og á heimsvísu og þær birtar á vefsíðu UN Women á Íslandi. UN Women á Íslandi lagði aukna áherslu á að þýða skýrslur frá UN Women um ýmis málefni og rita upp úr þeim samantektir sem voru síðan sendar á fjölmiðla. Til þessa verkefnis hlaut UN Women á Íslandi styrk frá utanríkisráðuneytinu. Meðal þeirra skýrslna sem UN Women á Íslandi þýddu voru skýrslur um stöðu kvenna á flótta frá Úkraínu, stöðu jafnréttis

innan afreksíprótta og skýrsla um stöðu Heimsmarkmiðanna. Einnig var stór skýrsla um stöðu jafnréttis þýdd, en skýrslan var sú fyrsta í heiminum sem tók til greina áhrif kynbundins ofbeldis á kynjajöfnuð.

### Samfélagsmiðlar

Samfélagsmiðlar UN Women á Íslandi eru eitt mikilvægasta verkfærið þegar kemur að því að miðla áfram efni frá höfuðstöðvum UN Women, halda upp á alþjóðlega daga og kynna starf UN Women á Íslandi. Árið 2023 var engin undantekning þar á. UN Women á Íslandi hélt áfram að bæta við sig fylgjendum á öllum miðlum nema X (áður Twitter).

Árið 2023 var viðburðaríkt bæði hér heima sem og á alþjóðlegum vettvangi. UN Women á Íslandi stóðu fyrir neyðarherferðum vegna jarðskjálftanna í Tyrklandi og Sýrlandi í byrjun ársins og stríðsátakanna á Gaza. Samtökin fengu sérstakan styrk frá forsætisráðuneytinu til að miðla efni frá 67. Kvennanefndarfundum Sameinuðu þjóðanna (CSW67) í mars og úr varð sérstök viðtalaröð sem var birt á samfélagsmiðlum UN Women á Íslandi. FO herferðin var á sínum stað en að þessu sinni fór hún í loftið í byrjun júní styrkt af utanríkisráðuneytinu.

Þar að auki var þó nokkuð um samfélagsmiðlaefni og -birtingar í kringum Heimsmeistaramót kvenna í fótbolta í júlí og ágúst, Miðpunkt sviðburð Kynslóðar Jafnréttis sem fór fram í september, Kvennaverkfallið þann 24. október, Ljósagönguna þann 25. nóvember, 16 daga átakið gegn kynbundnu ofbeldi og sölu á UN Women á Íslandi kertinu, nýrri vöru samtakanna sem var sett í sölu í aðdraganda Ljósagöngunnar. Þá var jólaherferðin á sínum stað í desember, auk ýmissa tylli- og alþjóðlegra daga og almennar færslur voru þar inni á milli, sem höfðu það að markmiði að fræða og vekja athygli á stöðu kvenna og starfi UN Women, bæði hér heima og erlendis, líkt og venja er.

### CSW67 fréttáflutningur og viðtalsröð

UN Women á Íslandi hlaut styrk frá forsætisráðuneytinu til þess að fjalla um 67. Kvennanefndarfund Sameinuðu þjóðanna (CSW67) sem fram fór í New York dagana 6.-17. mars 2023. Voru áherslur fundarins á nýsköpun og tækni og hvernig megi nýta hana í þágu jafnréttis.

Kvennanefndarfundur Sameinuðu þjóðanna (CSW) hefur verið haldinn árlega frá árinu 1946. Fundurinn fer alltaf fram í marsmánuði í

höfuðstöðvum Sameinuðu þjóðanna í New York og stendur yfir í tvær vikur. Fundurinn er öllu jafna gríðarlega vel sóttur, enda vettvangur fyrir aðildarríki, frjáls félagasamtök og grasrótargreyfingar til að koma saman og ræða stöðu kvenna og jafnréttis. UN Women á Íslandi tók meðal annars viðtöl við íslenskar konur sem starfa við tækni og nýsköpun sem hluta af verkefninu fyrir forsætisráðuneytið, birti greinar um sögu Kvennanefndarfundarins, inntak

Pekingsáttmálans og áherslur CSW67. Þá tóku starfskonur í kynningarteymi UN Women á Íslandi viðtöl við íslenska gesti CSW67 um þá viðburði sem þau höfðu sótt auk þess að flytja fréttir af þeim viðburðum sem Ísland stóð fyrir ásamt Norrænu ráðherranefndinni. Allt efnið var einnig birt á samfélagsmiðlum UN Women á Íslandi og á Youtube-rás samtakanna.



Anita Bhatia, þáverandi aðstoðarframkvæmdastýra UN Women, var einn viðmælenda UN Women á Íslandi á CSW67.

## UNGMENNARÁÐ UN WOMEN Á ÍSLANDI STARFSÁRIÐ 2023-2024

Aðalfundur ungmennaráðs UN Women á Íslandi var haldinn þann 11. ágúst 2023 og tók þá nýtt ungmennaráð við. Fyrst var byrjað á myndatöku eins og hefð er fyrir og síðan fór starfsárið í gang með því að bóka skólakynningar. Kynningar gengu vel á þessu stutta starfsári og hélt ungmennaráðið samtals 25 kynningar og var það blanda af kynningum fyrir menntaskóla, háskóla, tónlistarskóla og svo þátttöku á viðburðum eins og Spænskuháttíðinni. Samfélagsmiðlar gengu vel og fjölgaði fylgjendum á miðlum ungmennaráðsins. Þá var haldið áfram með „Femínistar tala“ verkefnið.

Vigdís Kristín varaforseti ungmennaráðsins skrifaði grein í tilefni 16 daga átaksins gegn kynbundnu ofbeldi sem hófst þann 25. nóvember og var greinin birt á Vísi.is.

Ungmennaráðið tók þátt í ýmsum ráðstefnum árið 2023. Meðlimir ráðsins voru sjálfboðaliðar á Reykjavík Global Forum í nóvember og gekk það vel og var það mjög lærdómsríkt.

Aðeins tókst að halda einn viðburð á starfsári ungmennaráðsins og var það hið árlega vorbingó sem fór fram á Loft Hostel þann 4. Apríl 2024. Dóra Júlía var bingóstjóri og Katrín Myrri sá



Ungmennaráð UN Women á Íslandi starfsárið 2023 til 2024.

um tónlistaratriði. Ungmennaráðið fékk marga og flotta vinninga frá ýmsum fyrirtækjum fyrir bingóið og var andvirði allra vinningana samanlagt um 300.000 kr. Mjög góð mæting var á viðburðinn og söfnuðust tæplega 100.000 kr handa UN Women á Íslandi.

Einnig tók ungmennaráðið þátt í tveimur ráðstefnum í Helsinki í Finnlandi: Vigdís varaforseti ungmennaráðsins sótti A Strong Nordic Youth Movement dagana 15.-17. mars og Védís forseti sótti

ráðstefnuna Youth, Peace and Security – Nordic Youth Seminar dagana 5.-7. apríl.

Starfsár ungmennaráðsins var styttra þetta árið þar sem ákveðið var að samræma aðalfund ráðsins við aðalfund stjórnar UN Women á Íslandi. Aðalfundur fór því fram í byrjun apríl 2024 en ekki í ágúst eins og venja hefur verið. Þó að starfsárið hafi verið fjórum mánuðum styttra en venjulega gekk það ótrúlega vel.



*Stella Samúelsdóttir, framkvæmdastýra UN Women á Íslandi, heldur erindi á Ljósagöngunni þann 25. nóvember. Mynd/Grace Barbörudóttir*

## ÖNNUR VERKEFNI

UN Women á Íslandi styður ekki aðeins við störf UN Women á heimsvísu, heldur sinnir einnig margvíslegum verkefnum innanlands. Meðal þeirra verkefna er að skila inn umsögnum um þingfrumvörp er snerta jafnréttis- og þróunarmál, eiga sæti í hinum ýmsu nefndum og stjórnum, þar með talið í stjórn Mannréttindaskrifstofu Íslands, þátttaka í ráðgjafahópum um fjölbreytt verkefni og þátttaka í pallborðsumræðum, og á málþingum sem og að halda fyrirlestra fyrir ólíka hópa.

UN Women á Íslandi sinnir einnig mikilvægu fræðslustarfi til þingmanna og ráðuneyta og er það helst framkvæmdastýra UN Women á Íslandi sem sinnir því starfi, með aðstoð annarra starfskvenna samtakanna.

Á árinu 2023 sinnti landsnefndin fjölda verkefna m.a.:

- Sinnti framkvæmdastýra formennsku í stýrihóp landsnefnda (e. Chair of the Standing Group for the National Committees of UN Women). Verkefnið fólust helst í að auka sýnileika og kynna fjölbreytt starf landsnefnda fyrir stjórnendum UN Women sem og stjórn UN Women, sem samanstendur af aðildarríkjum Sp. Í október var í fyrsta sinn haldinn óformlegur fundur um störf landsnefnda en framkvæmdastýra hélt kynningu í gegnum Zoom um störf landsnefnda <https://www.unwomen.org/en/informal-briefing-on-un-womens-national-committees>
- Landsnefndarfundur UN Women fór fram dagana 16.-19. október í London. Landsnefndin var með tvær kynningar á verkefnum sínum og stýrði fundi stýrihóps landsnefnda. Fundinn sóttu starfskonur UN Women á Íslandi.

- Frjáls félagasamtök í þróunarsamvinnu er vettvangur þeirra félaga á Íslandi sem sinna þróunarsamvinnu og starfa að neyðaraðstoð. Vettvangurinn fundar að minnsta kosti þrisvar á ári. Einnig á FFP í góðum samskiptum við UTN og fundar reglulega með skrifstofu þróunarmála.
- Framkvæmda- og rekstrarstýra tóku þátt í vinnu forsætisráðuneytisins um Stafrænt Ísland og gerð Grænbókar um þann málaflokk.
- Samráðshópur um Kynslóð jafnréttis er vettvangur sem framkvæmda- og rekstrarstýra taka þátt í. Hópurinn er skipaður starfsfólki forsætis- og utanríkisráðuneytanna ásamt UN Women á Íslandi og öðrum félagasamtökum sem að verkefninu koma. Hópurinn hittist reglulega til að fara yfir stöðu markmiða Íslands undir formerkjum Kynslóðar jafnréttis.
- Framkvæmdastýra á sæti í ráðgjafaráði UN Global Compact á Íslandi.
- Landsnefndin tók þátt með frjálsum félagasamtökum í gerð landrýnskýrslu um stöðu Íslands gagnvart heimsmarkmiðunum um sjálfbæra þróun sem Félag Sameinuðu þjóðanna hélt utan um <https://www.heimsmarkmidin.is/library/Pdf-skjol/Iceland's%20VNR%202023%20-%20final%20version%209.6.23.pdf>



*Stella Samúelsdóttir, framkvæmdastýra UN Women á Íslandi, og Þorsteinn Víglundsson, forstjóri Hornsteins, við undirritun samstarfssamnings. Mynd/UN Women á Íslandi*

## FYRIRTÆKJASAMSTARF

Jafnrétti kynjanna er fimmta heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun og ef ætlunin er að ná þeim yfir höfuð verður það heimsmarkmið að nást, því ekki verður langt komist ef rödd helmings mannkyns fæst ekki heyrð. Til að ná heimsmarkmiðunum þarf öflugan samtakamátt og getur máttur fyrirtækja og áhrif verið mikil á málaflökkinn. UN Women á Íslandi átti farsælt samstarf við margs konar fyrirtæki á árinu og var gleðilegt að sjá hversu mörg fyrirtæki voru tilbúin að leggja lóð sín á vogarskálarnar við að hraða fyrir breytingum í þágu jafnréttis, með einum eða öðrum hætti.

Eignarhaldsfélagið Hornsteinn og UN Women á Íslandi gerðu samstarfssamning til tveggja ára í tengslum við jafnréttisátakið **Kynslóð jafnréttis**. Önnur fyrirtæki sem studdu við samtökin í tengslum við átakið voru HS Orka, Íslandsbanki og Landsvirkjun. Jafnréttisátakið **Kynslóð Jafnréttis** hófst árið 2021 og er stærsta jafnréttisátak sem UN Women hefur ráðist í. Meginmarkmið átaksins er að vinna að úrbótum á þeim sviðum þar sem hallar mest á konur og stúlkur með þátttöku ólíkra hagaðila og varir átakið til ársins 2026.

UN Women á Íslandi hélt áfram að efla samfélag samstarfsfyrirtækja UN Women á Íslandi árið 2023. Með því vilja samtökin eiga í dýpra samtali við íslensk fyrirtæki, hvoru tveggja til að hlusta á hvað þau eru að gera vel og jafnframt hvar þeirra helstu áskoranir liggja. Þar sem ætlunin er að hraða fyrir breytingum í þágu kvenna og stúlkna er nauðsynlegt að byggja brýr, miðla þekkingu og læra hvert af öðru. Samtökin stóðu fyrir fræðsluerindum um jafnréttismál og um fjölbreytileikann og mikilvægi hans og virði fyrir fyrirtæki og samfélög.

Samstarf við 66°Norður og SADA-miðstöðina í Tyrklandi hélt áfram árið 2023, en 66°Norður hafði hlotið styrk úr Heimsmarkmiðasjóði atvinnulífsins um þróunarsamvinnu vegna verkefnisins. Í ár lauk fjögurra ára farsælu samstarfi við Rafiðnaðarsamband Íslands. Fleiri fyrirtæki lögðu sitt af mörkum við að bæta heiminn fyrir konur stúlkur og færir UN Women á Íslandi öllum samstarfsfyrirtækjum, stórum sem smáum, hjartans þakkir.

Alls söfnuðust 16.498.033 kr. frá fyrirtækjum á árinu 2023.



Hópur kvenna í Bamyan héraði í Afganistan hittast til þess að vefa. UN Women/Sayed Habib Bidell.

## FJÁRMÁL

Heildartekjur UN Women á Íslandi lækkuðu milli ára um rúm 5% og námu tæplega 281 m.kr. árið 2023. Helsta ástæðan fyrir lækkun á tekjum er að árið 2022 komu inn gríðarlegir fjármunir í formi stakra styrkja vegna stríðsins í Úkraínu sem ekki endurtóku sig árið 2023. Framlög Ljósbera, mánaðarlegra styrktaraðila samtakanna, voru líkt og síðastliðin ár helsta fjáröflunarleið samtakanna en framlag þeirra lækkaði einnig á milli ára um tæpar 3,5 milljónir og námu í heildina rúmum 194 m.kr. Ástæðu lækkunar á tekjum frá Ljósberum má rekja fyrst og fremst til skorts á fjármunum og slæms gengis í sumargötukynningum, en þegar fjármagn fékkst frá höfuðstöðvum var of langt liðið á árið til þess að sá árangur skili sér en hann mun skila sér á árinu 2024. Annað söfnunarfé frá einstaklingum og fyrirtækjum og sala á varningi nam 32.677.757 kr. og lækkaði nánast um helming en sá munur skýrist fyrst og fremst af stöku styrkjunum vegna Úkraínu en hins vegar jókst vörusala um rúma milljón milli ára. Rekstrartekjur til fjáröflunar og kynningarmála sem og aðrir styrkir námu rúmum 52 m.kr, þar af komu 18 milljónir frá utanríkisráðuneytinu,

### Helstu tekjur og gjöld

#### TEKJUR

|   |             |
|---|-------------|
| Söfnunarfé Ljósbera til verkefna UN Women             | 194.232.815 |
| Annað söfnunarfé til verkefna UN Women                | 32.677.757  |
| Félagsgjöld   | 1.065.420   |
| Styrkir frá utanríkisráðuneyti og forætisráðuneyti    | 19.500.000  |
| Styrkir til fjáröflunar- og kynningarstarfs á Íslandi | 33.026.217  |

#### SAMTALS

**280.502.209**

#### ÚTGJÖLD

|   |            |
|---|------------|
| Kostnaður vegna fjáröflunar                 | 90.743.783 |
| Kostnaður vegna fræðslu- og kynningarstarfs | 21.497.744 |
| Annar rekstrar- og stjórnunarkostnaður      | 25.583.876 |

#### SAMTALS

**137.825.403**

### Framlög til verkefna UN Women

|  |             |
|--|-------------|
| Framlag í kjarnasjóð UN Women                    | 128.251.304 |
| Úkraína  | 4.413.085   |
| Sierra Leone                                     | 8.732.000   |
| Tyrkland   | 952.005     |
| Gaza   | 2.000.000   |
| Súdan  | 327.900     |
| Styrktarsjóður SP til afnáms ofbeldis gegn konum | 4.000.000   |

**Heildarframlag landsnefndar til verkefna UN Women 148.676.294**

annars vegar vegna nýs ramma-samnings og hins vegar í formi kynningarstyrks, 1,5 milljónir komu frá forsætisráðuneytinu tengt verkefni um jákvæða karlmennsku, en stærsti hlutinn kom frá höfuðstöðvum UN Women sem fjárfesting í fjáröflun samtakanna.

Á árinu 2023 voru Ljósberar UN Women á Íslandi, líkt og undanfarin ár, undirstaðan að árangri samtakanna í fjáröflun, en langstærsti hluti framlaga UN Women á Íslandi til verkefna UN Women á heimsvísu kom frá ljósberum eða um 80%. Kostnaður við fjáröflun, fræðslu- og kynningastarf og rekstur skrifstofu nam 137.825.403 m.kr. sem var einungis rúmlega 3 milljón króna hækkun frá árinu áður. Á árinu 2023 var ráðist í ýmsar breytingar til að lækka rekstrarkostnað m.a. með því að fækka stöðugildum á skrifstofu um eitt og lækka leigukostnað (Miðstöð SP var slitið eftir tæp 20 ár og flutti UN Women á Íslandi í nýtt húsnæði að Sigtúni 42 sem kallast Mannréttindahúsið og er það í meirihluta eigu ÖBÍ).

Framlag UN Women á Íslandi til alþjóðlegra verkefna UN Women fyrir árið 2023 lækkaði á milli ára um tæp 5% og nam tæplega 149 m.kr. Framlöggin gerðu UN Women kleift að styðja við verkefni sem voru hvað mest aðkallandi á árinu í gegnum kjarnasjóð UN Women. Neyðin í heiminum var mikil og söfnuðust fjármunir til stuðnings konum í Úkraínu fyrir tilstuðlan 66°Norður og sölu á bol

## Framlög íslenskra stjórnvalda til UN Women

|  |             |
|--|-------------|
| UN Women - kjarnaframlag                                       | 180.000.000 |
| UN Women jafnréttismál í Afganistan                            | 50.000.000  |
| UN Women jafnréttismál í Úkraínu                               | 30.000.000  |
| UN Women Jórdaníu  | 30.000.000  |
| UN Women – JPO Jórdaníu  | 20.646.638  |
| UN Women Palestínu   | 28.900.000  |
| UN Women – Masculinities –<br>Engaging men and boys / HeForShe | 13.986.000  |
| UN Women's Leaders Network                                     | 27.306.000  |
| UN Women miðannafundur Kynslóðar jafnréttis                    | 13.150.000  |

## Heildarframlag stjórnvalda til verkefna UN Women **393.988.638**

frá þeim, einnig söfnuðust fjármunir vegna jarðskjálftanna í Tyrklandi, sem og neyðarinnar og þess hræðilega ástands sem ríkir í Súdan og á Gaza. Að vanda var stutt við hið mikilvæga starf *Styrktarsjóðs Sameinuðu þjóðanna til afnáms ofbeldis gegn konum* líkt og fyrri ár. Síðast en ekki síst var fjármagn sent til verkefna í Síerra Leone sem hafa það að markmiði að útrýma kynbundnu ofbeldi, en þangað runnu fjármunirnir sem söfnuðust í FO-herferðinni.

Í heildina voru rúm 65% af söfnunarfé samtakanna send til verkefna UN Women, en stjórn UN Women á Íslandi hefur undanfarin ár náð ágætum árangri í að byggja upp varasjóð, sem stendur í 12 milljónum, sem hægt er að nota ef bregðast þarf við áföllum í rekstri. Vegna þess hversu vel varasjóðurinn stóð tók stjórn ákvörðun um að verja hærri upphæð í framlög til verkefna UN

Women enda ekki vanþörf á stuðningi í ár vegna þeirrar neyðar sem ríkir um allan heim. Stjórn hefur hins vegar hug á því að auka enn frekar við varasjóðinn á árinu 2024 og er sú ákvörðun í samræmi við stefnu stjórnar um ábyrgan rekstur, góða stjórnarhætti sem og áherslur höfuðstöðva UN Women.

UN Women er ein af áherslustofnunum íslenskra stjórnvalda í þróunarsamvinnu. Á árinu 2023 námu heildarframlög utanríkisráðuneytis og landsnefndar tæpum 543 milljónum króna, þar af námu kjarnaframlög rúmlega 308 milljónum króna og eyrnamerkt framlög voru rúmar 234 milljónir króna. Stjórnvöld hækkuðu kjarnaframlög til UN Women um 30 milljónir milli ára, en heildarhækkun framlaga nam rúmri 91 milljón króna milli ára.



Framkvæmdastýra UN Women á Íslandi ritar undir rammisamning við utanríkisráðuneytið.  
Mynd/UN Women Íslandi

## STUÐNINGUR OG SAMSTARF UTANRÍKISRÁÐUNEYTISINS OG UN WOMEN Á ÍSLANDI

UN Women á Íslandi hefur átt í margra ára farsælu samstarfi við utanríkisráðuneytið. Á árinu 2023 var tekinn upp að nýju rammisamningur til þriggja ára á milli aðilanna sem er mikið fagnaðarefni fyrir landsnefndina, enda gefur sá samningur fyrirsjáanleika og tækifæri til enn frekara skipulags í samstarfi á milli aðila.

Fyrsta samstarfið undir nýjum rammisamningi var FO-herferð UN Women á Íslandi en hún var til stuðnings verkefnum UN Women í Síerra Leóne sem hafa það að markmiði að uppræta kynbundið ofbeldi og styðja við þolendur. Herferðin í ár var studd af utanríkisráðuneytinu. Utanríkisráðherra og framkvæmdastýra skrifuðu saman grein sem birtist á Vísi um það mikilvæga starf sem stjórnvöld sinna í Síerra Leóne og samlegðaráhrif þeirra starfa við starf UN Women á vettvangi.

Miðannafundur UN Women og Kynslóðar jafnréttis var studdur af ráðuneytinu og fór fram í New York í tengslum við setningu á 78. Allsherjarþingi SP. Á fundinum flutti forsætisráðherra opunarávarp en Ísland var gestgjafi fundarins ásamt Tansaníu og UN Women. Á fundinum var rætt um hið alvarlega bakslag sem orðið hefur í jafnréttismálum víða um heim og nauðsyn þess að grípa til markvissra aðgerða til að snúa þeirri þróun við. Forsætisráðherra stýrði einnig pallborðsumræðum þar sem rætt var um ábyrgð ríkja, skuldbindingar og árangur af verkefnum átaksins til að auka jafnrétti.

Utanríkisráðuneytið studdi við ungliðastöðu skrifstofu UN Women í Jórdaníu. Ungliðastöður eru gríðarlega mikilvægar fyrir þau sem eru að stíga sín fyrstu skref á alþjóðavettvangi og mikilvægt tækifæri fyrir ungt fólk sem vill starfa við alþjóðlega þróunarsamvinnu. Stuðningur við ungliðastöður hjá UN Women gerir ungu fólk kleift að starfa hjá stofnun sem sérhæfir sig í jafnréttismálum.



Martin Eyjólfsson, ráðuneytisstjóri utanríkisráðuneytisins, flytur erindi á útgáfuhófi FO-herferðarinnar 2023 sem fram fór í Mannréttindahúsinu. Mynd/Giíta Hammond

Samstarf við fastanefnd Íslands til Sameinuðu þjóðanna í New York er ávallt farsælt hvað varðar málefnavinnu UN Women, en mjög reglulegt samtal á sér stað. Stuðningur fastanefndar við starf landsnefnda er gríðarlega mikilvægur.

Framkvæmdastýra UN Women á Íslandi skipar eitt af fimm sætum sem íslensk borgarasamtök sem starfa að alþjóðlegri þróunarsamvinnu og mannúðaraðstoð skipta með sér í þróunarsamvinnunefnd. Nefndin sinnir ráðgefandi hlutverki við stefnumarkandi ákvarðanatöku um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands til lengri tíma og fylgist með framkvæmd hennar.

Framkvæmdastýra var tilnefnd af utanríkisráðuneytinu til að sitja í stýrihópi frjálsra félagasamtaka um konur, frið og öryggi innan NATO (e. NATO Civil Society Advisory Panel on Women, Peace and Security). Markmið hópsins er að koma fram með tillögur og hafa áhrif á stefnu NATO um konur, frið og öryggi.





Bioua Tokatiti frá Kiribati. UN Women/Patrick Rose

## OVERVIEW

### Monthly donations and fundraising

UN Women Iceland's main source of income are monetary contributions from monthly donors (named Ljósberi in Icelandic). This allowed UN Women Iceland to send the highest contribution to UN Women's core funds of all National Committees for the eighth consecutive year. Core contributions fund the bedrock of UN Women's programmes worldwide and are critical for UN Women to leverage its unique mandate that includes normative support, UN system coordination and programmes on the ground. Regular resources enable UN Women to have a global reach and to have universal presence also in fragile contexts, such as in conflict and post-conflict zones.

In 2023, 932 new monthly donors joined UN Women Iceland, while 788 cancelled their monthly donation. Monthly donations decreased from 197.711.120 ISK to 194.232.815 ISK between years. The overall decrease in monthly donations despite the number of monthly donors increasing, can be explained by the fact that most new sign-ups came in during the last quarter of 2023, while cancellations occurred at a steady rate throughout the year.

### Monetary contributions from monthly donors

UN Women Iceland's total income in 2023 amounted to 280.502.209 ISK, compared to 295.651.462 the year before. 69.24% of the total income came from monthly donors (Ljósberar), 7.68% from product sales and 6.95% were government grants. UN Women Iceland also received an investment fund from UN Women headquarters, amounting to 24.926.084 ISK. The investment fund was spent entirely on on-boarding more monthly donors through F2F and telemarketing. A more detailed breakdown of the distribution of funds can be seen in Figure 3.

Three emergency fundraisers were launched in 2023: for *Türkiye/Syria, Sudan, and Gaza*. *Earmarked funds raised during all three campaigns amounted to 3.279.905 ISK. In total, 673 individuals gave one-off donations during the emergency campaigns.*

Sales of UN Women Iceland's merchandise and symbolic gifts in 2023 totalled 12.827.871 ISK, not including FO-merchandise. Symbolic gifts only accounted for 7,7% of UN Women Iceland's total sales in 2023. The symbolic gifts were redesigned in 2023 with prints featuring artwork by

Ukrainian artist Dana Kavelina. Greeting cards for different occasions, designed by artist Margrét Weissappel, were also added to UN Women Iceland's web shop. A scented candle engraved with "Ljós í lífi kvenna" was launched on 25 November and sold through the NatCom's web shop. UN Women Iceland's annual *FO-campaign* was launched on 1 June 2023, with support from the Ministry for Foreign Affairs. 2.500 FO-caps were ordered. 8.732.000 ISK were raised for UN Women Sierra Leone.

### Advocacy and campaigns

UN Women Iceland launched several emergency appeals in 2023; An appeal was launched for women and girls in areas hit by the devastating 7.8-magnitude earthquake near the Türkiye-Syria border on 6 February 2023. The earthquakes caused one of the biggest disasters to impact the region in recent times. Tens of thousands of people were killed and many more were injured. The earthquakes struck as the humanitarian crisis in northwest Syria was already at the highest level since the conflict began, with 4.1 million people relying on humanitarian assistance to subsist; UN Women Iceland also launched an




Figure 3

emergency appeal for women and girls in Sudan as fighting broke out in the country's capital on 15 April. Reports of increased GBV in Sudan, including conflict-related sexual violence against internally displaced and refugee women and girls, have been of great concern to UN officials; A crisis appeal was launched for women and girls in Gaza, following the horrific events of 7 October. In November and December, all proceeds of sales of UN Women Iceland's most popular symbolic gifts were earmarked for Gaza as well.

UN Women Iceland took part in the annual *International Women's Day event Ring the Bell* on 8 March. The event was organized in cooperation with Nasdaq Iceland, FKA (The Association on Businesswomen in Iceland) and SA (The Confederation of Icelandic Enterprises).

UN Women Iceland's annual *FO-campaign* was launched on 1 June 2023, with support from the Ministry for Foreign Affairs. 2.500 FO-caps were ordered. The earmarked funds supported initiatives that aim to empower women and girls in Sierra Leone and provide GBV survivors with financial support to rebuild their lives and run several educational and advocacy campaigns, including the Real Man-campaign.

*Kvennaverfallið, the Women's Strike*, took place on 24 October 2023 and UN Women Iceland was among the event's 40 organizers. Taking place under the slogan "*Kallarðu þetta jafnrétti?*" (You call this equality?), it urged women and non-binary people across the country not to do any paid or unpaid work on that day, including domestic tasks at home. This was to demonstrate the

importance of women's contribution to society, which continues to undervalue their work. Some of the demands of the strike was for the gender pay-gap to be closed and for GBV to be eradicated.

UN Women Iceland and Reykjavík Global Forum joined hands and organized the event "*Conversation about Gender-based Violence and the Impact of #MeToo*", which took place at the University of Iceland on 13 November. There, Eliza Reid the first lady of Iceland, and activist Ashley Judd discussed GBV and the impact of the #MeToo movement. The conversation was moderated by Hanna Birna Kristjánsdóttir, chairwomen of the board and founder of the Reykjavík Global Forum. Opening remarks were by Laura Liswood, ED of the Council of Women World Leaders, and closing remarks by Stella Samúelsdóttir, ED of UN Women Iceland.

UN Women Iceland's annual *Candle-light March (Ljósaganga)* took place on 25 November and kicks off the 16 Days of Activism against GBV. 25 November is the International Day for the Elimination of Violence against Women, and the 16 Days of Activism runs until 10 December, Human Rights Day. Every year, the campaign focuses on a specific theme and in 2023 it was "UNITE! Invest to prevent violence against women and girls". UN Women Iceland decided to stay true to that theme for its Candle-light March, which was led by Finnborg Salóme Steinþórsdóttir, who is part of Feminist budgeting, a group of feminists pressuring the Icelandic government to use their economic policies to advance gender equality.

## Educational visits and social media presence

UN Women's communication team, Executive Director, and youth council carry out important educational visits to private companies, organizations, and schools as well as taking part in various events on issues concerning women, humanitarian action, and gender equality. UN Women Iceland translated and published 78 news articles on its website in 2023. The NatCom received a communications fund from the MFA in 2023 to translate and summarize reports from UN Women HQ and CO's and share them with local media, monthly donors and on the NatCom's website. UN Women Iceland's social media presence continued to increase in 2023 on all social media outlets, except X (formerly Twitter). UN Women Iceland received a communications grant from the Prime Minister's Office in 2023 to conduct a series of interviews before and during CSW67 in New York. The interviews were both written interviews focusing on women in STEM and video interviews with CSW67 attendees, as well as coverage of events organized by the Nordic Council of Ministers.

In 2023, UN Women Iceland took part in various projects and activities on issues related to gender equality. These include in part: participation on the board of The Icelandic Human Rights Office, ED chaired the Standing Group for the National Committees of UN Women, as well as taking part in Reykjavík Global Forum and other events.

UN Women's youth council is composed of seven young individuals between the ages 16 and 30. Its members are vital to UN Women Iceland when it comes to promoting gender equality and awareness about UN Women projects through school visits and social media. The youth council's annual general meeting was held in August, with a new board being elected. Members of the youth council held 25 school presentations and took part in numerous events and

international youth conferences. The youth council also organized numerous fundraising events in 2023, including their annual Spring Bingo. The youth council maintained regular activity on their social media accounts, increasing followers on all platforms.

### **Private sector collaborations**

UN Women Iceland has continued to expand its outreach to include private sector companies. One way UN Women Iceland has done this is through the Generation Equality initiative. In 2023 UN Women Iceland and the holding company Hornsteinn signed a two-year cooperation agreement through the Generation Equality initiative. Other private sector partners include HS Orka, Íslandsbanki, and Landsvirkjun. UN Women Iceland also strengthened its community of private sector partners with the aim to share knowledge and best practises. The National Committee held educational talks on the importance of gender equality and diversity and how it can add value to companies. The collaboration with 66°Norður and SADA Women's Cooperative in Gaziantep, Turkey, continued in 2023. A total of ISK 16,498,033 was donated by private sector partners in 2023.

### **Finances**

UN Women Iceland's total income decreased by 5% year-on-year and amounted to 281 million ISK in 2023. Donations from monthly donors remained UN Women Iceland's main source of funds, however, they also decreased by 5% between years, amounting to 194 million ISK in 2023. Operating revenue for fundraising and advocacy, and other grants amounted to 52 million, including 18 million ISK in funds from the Ministry for Foreign Affairs and 1,5 million ISK from the Prime Minister's Office, earmarked for use for an awareness campaign on engaging men and boys. The largest amount came from UN Women HQ in the form of an investment fund.

The cost of fundraising, advocacy and office operations amounted to 137,825,403 million ISK. An increase of just over 3 million ISK from the previous

year. In 2023 some changes were made to reduce operating costs, for example rent costs were reduced when UN Women Iceland moved offices in April, and by reducing staff cost by reducing the NatCom's full-time equivalent employee count by one.

Several emergency appeals were launched in 2023 to respond to the humanitarian need following the earthquake in Turkey and Syria, the breakout of armed conflict in Sudan and the war in Gaza. 66°Norður supported UN Women Iceland with sales of specially designed T-shirts for women and girls in Ukraine. UN Women Iceland continued its support for the UN Trust Fund to End Violence Against Women and Girls in 2023. Lastly, funds were raised for UN Women's work in Sierra Leone through the NatCom's annual FO-campaign. 65% of all funds raised were remitted to UN Women HQ. A reserve fund has been built up in previous years to cover any unexpected future costs or financial obligations. The fund amounted to 12 million ISK in 2023. The board intends to further increase the balance of the NatComs reserve funds in 2024 in line with the board's policy on responsible operations, good governance, and UN Women HQ's priorities.

When it comes to cooperation with multilateral institutions, UN Women is one of the UN institutions the Icelandic government has placed emphasis on. In 2023, the total contributions of the MFA and UN Women Iceland to UN Women amounted to 543 million ISK of which core contributions amounted to 308 million ISK and earmarked funds totalled around 234 million ISK. Government core support to UN Women increased by 30 million ISK between years, but the total increase in donations amounted to over 91 million ISK year-on-year.

### **Government Support**

Throughout the years, UN Women Iceland has received invaluable support from the Ministry for Foreign Affairs to carry out its work. In 2023 a three-year recognition agreement between UN Women Iceland and

the MFA was signed. A long-term agreement such as this gives UN Women Iceland predictability and the possibility to further enhance the NatCom's cooperation with the MFA. The framework agreement funded the FO-campaign in 2023, in support of UN Women's projects in Sierra Leone. To mark the occasion, the ED and the minister for foreign affairs co-wrote an [opinion piece](#) which was published on [Vísir.is](#).

The Midpoint Moment for Generation Equality was held in New York in September 2023. The Governments of Iceland and Tanzania hosted the event along with UN Women. The Midpoint Moment brought together Heads of State, leaders from the UN System, private sector, civil society, and youth-led organisations to commit to urgent efforts to bridge gaps and accelerate progress for gender equality. The Prime Minister of Iceland delivered the event's opening remarks and chaired a panel discussion during the event.

The MFA sponsored a JPO position with UN Women in Jordan in 2023. UN Women Iceland continued to work closely with the Permanent Mission of Iceland to the United Nations in New York. Lastly, UN Women Iceland's ED was appointed by the MFA to take a seat on the NATO Civil Society Advisory Panel on Women, Peace and Security. The panel provides a platform for women's CSO to engage with NATO to shape policy and practice on Women, Peace and Security. ED was also part of the Development Cooperation Committee (isl. [Próunarsamvinnunefnd](#)). This committee has an advisory role on Iceland's long-term bilateral development cooperation.

# VIÐ ERUM UN WOMEN Á ÍSLANDI

## Starfskonur UN Women á Íslandi 2023

Framkvæmdastýra: Stella Samúelsdóttir

Fjármála- og fjáröflunarstýra: Vilborg Garðarsdóttir /  
Thelma Lind Jóhannsdóttir hóf störf í mars

Kynningarstýra: María Rut Kristinsdóttir / Sara  
McMahon tók við starfinu í maí

Rekstrarstýra og fyrirtækjafjáröflun: Áslaug  
Ármannsdóttir

Sérfræðingur í stafrænni miðlun: Vera Líndal  
Guðnadóttir / Elva Hrönn Hjartardóttir hóf störf í apríl

Sérfræðingur á kynningarsviði: Sara McMahon fram í  
maí

Fjáröflunarfulltrúi: Thelma Rut Elíasdóttir

Verkefna- og vaktstýra fjáröflunar: Elín Ásta Finnsdóttir



## Stjórn UN Women á Íslandi 2023-2024

Formaður: Anna Steinsen

Varaformaður: Ólafur Elínarson

Gjaldkeri: Árni Matthíasson

Stjórnarmeðlimir:  
Áslaug Eva Björnsdóttir,  
Fida Abu Libdeh,  
Ingibjörg Sólrún Gísladóttir,  
María Rún Bjarnadóttir,  
Ólafur Þ. Stephensen,  
Sævar Helgi Bragason og  
Védís Drótt Cortez (fulltrúi  
ungmennaráðs).

Stjórn UN Women á Íslandi er skipuð formanni auk níu stjórnarmeðlima. Stjórn er kosin til tveggja ára í senn á aðalfundi félagsins. Aðalfundur UN Women á Íslandi 2023 fór fram þann 26. apríl. Breytingar urðu á stjórn árið 2023 þegar Arna Grímsdóttir lét af störfum sem stjórnarformaður eftir sex ár sem formaður og Anna Steinsen var kosin í hennar stað.

Þá lét Kristín Ögmundsdóttir af sæti sem gjaldkeri stjórnar einnig eftir sex ár og tók Árni Matthíasson við kefli gjaldkera. Tvö ný tóku sæti í stjórn árið 2023, María Rún Bjarnadóttir og Sævar Helgi Bragason.



Konur í Bamyan héraði í Afganistan sitja við vefnað. UN Women/Sayed Habib Bidell

## ÞAKKIR

Anna Maggý  
Ashley Judd  
BioEffect  
Iceland Hotel Collection by Berjaya  
DJ Glókollur  
Eliza Reid  
Finnborg Salome Steinþórsdóttir  
Forsætisráðuneytið  
Friðrik Snær Friðriksson  
Fyrirsætur í FO herferð  
Garðheimar  
Giita Hammond  
Grace Barbörudóttir  
Gulli Arnar  
Háskóli Íslands  
Hringrás x Helicopter  
HS Orka  
IDÉ  
Íslandsbanki

Jón Atli Benediktsson  
Kaffitár  
Landsvirkjun  
Litróf – umhverfisvottuð prentsmiðja  
Ljósberar UN Women á Íslandi  
og aðrir styrktaraðilar  
Margrét Weiss Happel  
Óskaskrín  
Prikíð  
Rafiðnaðarsamband Íslands  
Rentaparty  
Reykjavík Cocktails  
Sky Lagoon  
Ungmennaráð UN Women á Íslandi  
Utánríkisráðuneytið  
Þorri Líndal Guðnason  
Ölgerðin  
66° norður



Sigtún 42, 105 Reykjavík

Sími 552 6200

[www.unwomen.is](http://www.unwomen.is)